



G J A L D S K R Á
Fyrir félagslega heimaþjónustu í Fjarðabyggð
skv. heimild í 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991
Gildir frá 1.1.2019

Þjónustubegar greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf, heimsendingu matar og akstur. Önnur þjónusta er gjaldfrjáls.

Aðstoð við almenn heimilisstörf

Fullt gjald fyrir félagslega heimaþjónustu er **1.374 krónur** fyrir hvern unnin tíma. Aldrei er þó innheimt fyrir meira en tveggja tíma aðstoð við heimilisþrif vikulega. Þjónusta umfram það er gjaldfrjáls. Mögulegt er að sækja um lækkun gjalds og skal það metið sérstaklega og afgreitt af starfsmönnum fjölskyldusviðs samkvæmt viðmiðum í fylgiskjali. Viðmiðunarpáttir taka breytingum í samræmi við breytingar á bótum almannatrygginga.

Afsláttur af gjaldi fyrir aðstoð við almenn heimilisþrif

Sótt er um afslátt eða niðurfellingu gjalda í Íbúagátt Fjarðabyggðar. Árlega er kallað eftir endurnýjun umsókna um afslátt og tekjupplýsingum. Kjósi þjónustubegar af einhverjum ástæðum að skila ekki inn umsókn og tekjupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald. Undanþága frá gjaldi gildir hvorki fyrir heimsendingu matar né akstur.

Heimsendur matar

Hver skammtur kostar **1.163 krónur**.

Akstur á vegum heimaþjónustu

Þjónustubegi greiðir fyrir hvern kílómetra sem starfsmaður ekur með eða fyrir þjónustubega. Gjaldið er í samræmi við ákvarðanir Ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytis og tekur breytingum í samræmi við ákvarðanir nefndarinnar, sjá fylgiskjal.

Innheimta

Gjöld eru innheimt mánaðarlega. Greiðsluseðlar berast ekki heim með pósti nema sérstaklega sé óskað eftir því.

Tekjumark fyrir árið 2019

Við ákvörðun tekjumarka fyrir árið 2019 er miðað við hámark TR í janúar 2019.

Málskot

Heimilt er að skjóta ákvörðun um synjun á afslætti af gjaldi fyrir heimaþjónustu til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert skriflega og innan þriggja mánaða frá því notanda var kunnugt um ákvörðun.

Fjarðabyggð, 30. nóvember 2018


Karl Óttar Pétursson

Samþykkt í félagsmálanefnd 23. október 2018
Samþykkt í bæjarráði 29. október 2018
Samþykkt í bæjarstjórn 1. nóvember 2018

